

Nd.

73. Nefndarálit

um frumvarp til laga um breyting á lögum 15. okt. 1875, um laun íslenskra embættismanna, lögum 3. okt. 1903, um aðra skipun á æðstu umboðsstjórn Íslands, og lögum 20. okt. 1913, um stofnun hagstofu Íslands.

Frá meiri hluta allsherjarnefndar.

Allsherjarnefnd hefir ekki getað orðið á eitt sátt um þetta mál.
Meiri hluti nefndarinnar getur engan veginn fallist á það sem rjetta leið

eða heppilega að taka út úr einstaka liði launamálsins og breyta þeim, þar sem það stendur fyrir dyrum að taka launamálið í heild sinni til athugunar.

Með því að taka einstaka liði launamálsins út úr, eins og stjórnin leggur til í þessu frumvarpi, raskast að sjálfsögðu það heildarsamræmi, sem nauðsynlegt er að sje í launalöggjöf landsins.

Meiri hluti nefndarinnar verður sem sje að líta svo á, að með þessum breytingum sje öðrum starfsmönnum landsins órjettur ger, óg eðlileg afleiðing þess verði sú, að þeir risi allir upp sem einn maður og krefjist bækkunar á launum sínum, í samsvörun við þá hækkun, sem farið er fram á í þessu frumvarpi, og það nú þegar á þessu aukafingi.

Meiri hluti nefndarinnar vill engan veginn stuðla að því að fá nú alt launamálið inn á þetta aukafing á þennan hátt; lítur enn fremur svo á, að það sje naumast gerlegt að ráða þessu mikla máli til lykta, eins og nú er ástalt, eða yfir höfuð nokkuð við það að fást á öðrum grundvelli en þeim, sem gert hefir verið með dýrtíðaruppbótinni.

Meiri hluti nefndarinnar ræður því háttv. deild til að fella frumvarpið.

Alþingi, 6. maí 1918.

Pjetur Ottesen,
framsögumaður.

Þorleifur Jónsson.

Einar Jónsson.

Með því að mál þetta snertir mig persónulega, hefi jeg engin afskipti haft af því í nefndinni og mun eigi greiða atkvæði um það í háttv. deild.

Magnús Guðmundsson,
skrifari.